

Fundur hjá Endurlífgunarráði Íslands

6. mars 2017 klukkan 16:15 – 18:00

Fundarstaður: Ármúli 1, Reykjavík

Fundartími: 6. mars 2018

Fundarmenn mættir: Hjörtur Oddsson, Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir, Valgerður Hermannsdóttir, Þórður Þórkelsson og Valdís Anna Garðarsdóttir,

Fundarmenn mættir á fjarfund: Hlynur Höskuldsson, Þorsteinn Jónsson og Sigrún Guðný Pétursdóttir

Boðuð forföll: Sigurbjörg Skarphéðinsdóttir

Fjarverandi: Bergur Stefánsson

Fundargerð ritaði Valdís Anna Garðarsdóttir

1. Yfirferð síðastu fundargerðar frá 14. nóvember 2018

Fundargerð síðasta fundar 14. nóvember 2017 samþykkt án athugasemda.

2. Aðilar Endurlífgunarráðs Íslands

Rætt möguleikann á að fjölga meðlimum í Endurlífgunarráði Íslands. Í dag er formlega engin í endurlífgunarráði nema stjórnin sjálf. Rætt er um að byrja á því að bjóða leiðbeinendum að verða meðlimir í ráðinu. **Hrafnhildur og Valdís** ætla að semja póst varðandi þetta til leiðbeinenda. ERC býður aðildarfélögum upp á sameiginlega aðild með sínu NRC (þjóðarendurlífgunarráði). Það er að segja ef meðlimir greiða í ERC og eru líka meðlimir í sínu NRC þá muni ERC láta hluta af greiðslu til NRC sem í okkar tilfalli er EÍ. Á fundinum eru meðlimir sammála um að fáir einstaklingar muni vera tilbúnir til þess að greiða meðlimsgjaldið til ERC og EÍ. Ekki talinn vera nógu mikill ávinningur fyrir einstaklinginn að borga meðlimsgjaldið. Þó væri hægt að setja uppí bréfi til leiðbeinenda val um meðlima árgjald til EÍ eða meðlima árgjald til EÍ og ERC. Þar sem einhverjir eru kannski þegar að greiða til ERC.

3. Nýjar uppfærðar leiðbeiningar ILCOR- ERC

ERC hefur ályktað og gefið út í kjölfar nýrra leiðbeininga frá ILCOR hverjum eigi að kenna hnoð og hverjum hnoð og blástur. Einnig var uppfært flæðirit fyrir endurlífgun nýbura.

4. Kostir og gallar súrefnisgjafar

Leiðbeiningar til björgunarsveitafólks hafa verið breyttar með þeim hætti að hætt er að kenna súrefnisgjöf.

Rætt að ýmislegt bendi til þess að of mikil súrefnisgjöf geti haft skaðlegt áhrif. Mögulega hafi súrefnisgjöf verið ofnotuð.

Ófaglært fólk á ekki að geta stýrt súrefnisgjöf.

Súrefniskútar eru áfram í ákveðnum björgunarsveitabílum, enda stundum heilbrigðismenntað fólk með í för.

5. **Skráning, merking og kynning AED tækja**

Hjörtur kynnti AED tæki og merkingar í þætti Stöðvar 2 18. nóv síðast liðinn.

Slysavarnarfélag –kvennadeild Akureyrar ætlar að láta merkja öll þau tæki sem þær hafa gefið, skrá staðsetningu þeirra og koma upplýsingum til neyðarlínunnar sem heldur utan um skráninguna. Einnig er markmið að hafa AED tækin sýnileg.

Kíwanis klúbburinn á Akureyri hafði upp á mörgum AED tækjum og kom skráningu þeirra áleiðis til Neyðarlínunnar (skráð í Bjargir)

Markmið að setja AED tækin inn á túristakortið á Akureyri – sú vinna er í gangi

Hjartaheill hefur selt mörg AED tæki og er að vinna í því að finna þessi tæki til að skrá staðsetningu, **Valgerður** ætlar að athuga hvar það mál stendur.

Ákveðið að það þurfi að hafa samband við söluaðila AED tækja til þess að biðja þá um að skrá staðsetningu allra tækja sem þau selja. Skráningin þarf að vera nákvæm þannig að þau finnist í neyð.

Hrafnhildur ætlar að taka saman lista yfir söluaðila og gera uppkast af skráningarblaði sem hægt væri að nota til að skrá tækin á vef neyðarlínu og söluaðilar gætu fyllt út við sölu tækjanna.

Hjörtur ætlar að hafa samband við söluaðila til þess að biðja um að þessi skráning verði gerð.

6. **Gæðastaðlar varðandi kennslu og búnað – fyrirspurn frá ERC**

ERC hefur tekið saman lista yfir akútbúnað á deildum. **Hjörtur og Þórður** ætla að bera listann frá ERC yfir lista frá LSH. Sjá hvort eitthvað megi betur fara á listum LSH

Hrafnhildur og Valdís ætla að bera saman námskeið SAK og LSH, þ.e.a.s. hvaða hópar eru að fá hvaða námskeið. Athuga hvort samræmi er milli þessarsa stofnanna og hvort það samræmist stöðlum frá ERC

7. **MiniAnnes dúkkur /Kids save life**

Ennþá er nokkrum svörum ósvarað varðandi MiniAnne dúkkurnar.

- Er myndbandið tilbúið?
- Hver sér um dúkkurnar?
 - Geymdar í Rauða krossinum fyrir norðan en þau sjá ekki um útlán
 - Hver sér um útlán fyrir sunnan?

(Sigrún vilt þú tékka á málum um útlán fyrir sunnan og myndband)

8. **Kids save lives**

Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir hjá Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins er með innleiðingarverkefni fyrir endurlífgunarkennslu á grunnskólum landsins /Kids safe life og að því kemur einnig Ilmur meistaranemi. Verkefnið innifelur meðal annars kennslu fyrir skólahjúkrunarfræðinga þannig að þeir getið haldið utan um kennsluna í skólum.

Sigrún Guðný Pétursóttir leggur til að Ragnheiður fái lánaðar dúkkurnar í þetta verkefni.

Nefnd á vegum Landlæknisembættisins er að fara yfir hvað tilheyrir skólahjúkrun.

Tillaga um að semja bréf til skólastjóra þar sem hvatt er til kennslu í 6.-7. Bekk.

Endurlífgunarráð er sammála um að það þurfi að skrá notkun þessa búnaðar þannig að hægt sé að gera skýrslu um hvernig dúkkurnar hafa nýst. **Sigrún** ætlar að ganga í að fá upplýsingar frá Ilmi

og Ragnheiði hvar þetta verkefni stendur. Þar sem Hjörtur þarf að skila greinagerð um það á „general assembly“ í júní.

9. Vinnuferill við ofkælingu og snjóflóð

Það þarf að uppfæra vinnuferil um ofkælingu og snjóflóð á vef Landlæknis. Notast við flæðirit frá ERC og fá álit Felix til þess að staðfæra vinnuferilinn **Hjörtur** ætlar að heyra í Felix vegna þessa.

10. General Assembly

Hjörtur fer á næsta fund hjá ERC General Assembly sem verður haldinn í júní 2018.

11. Önnur mál og fréttir

Neyðarnúmer 2222

Ákveðið hefur verið að fara í breytingar á símkerfi SAK. Í framhaldinu mun sennilega vera tekið upp símanúmerið 2222 fyrir endurlífgunarteymið. Þetta þarf að endurskoða á LSH. **Hjörtur og Valdís** ætla að fá fund með Davíð Skúlasyni .

- Staða reiknings EÍ er 2,7 millíónir. Bókhaldari er með uppgjörið á sinni könnu og mun flokka reikninga, útgjöld og innkomu í kafla þannig að það verði auðveldara að halda yfirsýn yfir umsvif.
- ERC er ekki enn búð að greiða lokagreiðslu fyrir ráðstefnuna sem var haldin í Rvk 2016, búðið er að reka á eftir því enn og aftur.
- LSH á eftir að greiða nefskattinn til EÍ fyrir júní –des 2017 um 300.000 krónur.
- Einn starfsmaður er starfandi fyrir EÍ í 10% stöðu. Rætt og samþykkt að laun starfsmanns EÍ verði 10% af grunnlaunum einstaklingsins sem sinnir þessu starfi.
- EPALS námskeið var haldið í fyrsta sinn í Rúmeníu í febrúar 2018. Hrafnhildur Lilja var með í þeim leiðbeinendahópi
- EPALS námskeið verður haldið á vegum EÍ í samvinnu við SAK og LSH í maí 2018. Námskeiðið verður haldið í kennslusetri LSH í Ármúla 1a og eru allir nemendur frá LSH en leiðbeinendur koma frá báðum stofnunum.
- Námskeiðsstjóra dagur ERC sem verið hefur ár hvert í mars og Hrafnhildur Lilja hefur farið á ár hvert og Valdís 1x hefur verið frestað og settur daginn fyrir ráðstefnuna í Bologna.
- Rástefna ERC verður haldin í Bologna í sept. 2018. Tillaga um að EÍ styrki meðlimi í stjórn til þess að fara til Bologna á ráðstefnuna. Tillaga styrkjarupphæðar er 100.000-150.000 kr á mann.

Næsti fundur er ráðgerður sunnudaginn 27. maí.

Gunnhildur Sveinsdóttir hefur látið af störfum hjá Rauða krossinum og er því hætt í Endurlífgunarráði Íslands. Við þökkum henni kærlega fyrir samstarfið og óskum henni velfarnaðar í leik og starfi um ókomna tíð.